

Fréttablað maí 2020



Útskrift

Útskrift elstu nemenda leikskólans fer fram 19. maí en verðum við vegna samkomu takmarka AlmannaVarna að hafa útskriftina án foreldra þetta árið. Elstu nemendur og kennarar þeirra koma saman í salnum og reynum við að gera þetta eins hátíðlegt og unnt er.

Verkfall

Verkfall Eflingar byrjaði kl. 12 þriðjudaginn 5. maí, stefnt er að því að hafa leikskólann opin til 8. maí ef ekkert óvænt kemur uppá. Náist samningar ekki fyrir 11. maí mun leikskólinn loka í óákveðinn tíma eða þar til samningar nást.

Aðlögun

Aðlögun nýrra nemenda byrjaði 4. maí og gerum við ráð fyrir því að aðlaga 10 ný börn í maí og svo 4 börn í júní.

Vorhátíð

Vorhátíð foreldrafélagsins verður ekki haldin í ár vegna samkomu takmarkana.


Gróðursetning

Allar deildir eru farnar að huga að gróðursetningu bæði innan og utan dyra. Börnin eru búin að skreyta blómapotta og setja niður fræ sem þau vökva og hugsa um þangað til þau fara með afraksturinn heim. Kartöflur og annað grænmeti verður svo sett niður í matjurtagarðinn um leið og garðurinn er tilbúinn.



Ferð í hesthúsin

Að venju verður farið í hesthúsin í maí til að skoða nýfædd lömb, kindur, hesta, og fleiri dýr sem verða á vegi okkar. Hver deild skipuleggur sína ferð og verða valdir dagar sem vel viðrar til að fara í þessar ferðir.



Vikan 1.-3 maí

1. maí verkalýðsdagurinn, **leikskólinn lokaður.**

Vikan 4. -10. maí

8. maí söngstund úti ef veður leyfir

Vikan 11. -17. maí

13. maí vorskóli hjá elstu börnunum 13.10-15.10

14. maí vorskóli hjá elstu börnunum.13.10-15.10

17. maí söngstund úti ef veður leyfir

Vikan 18. 24. maí

19. maí útskrift 6 ára barna kl. 15

21. maí uppstigningardagur, **leikskólinn lokaður.**

22. maí söngstund úti ef veður leyfir

Vikan 25. – 31. maí

29. maí söngstund í sal eða úti

1. júní annar í hvítasunnu, **leikskólinn lokaður.**